

Skagafjarðarveitur ehf

Fundur 45 ? 27.01.2005

Fimmtudaginn 27. janúar, árið 2005, kom stjórn Skagafjarðarveitna ehf. saman til fundar kl. 16.00 í húsi Skagafjarðarveitna að Borgarteigi 15, Sauðárkróki. Mætt voru stjórnarmennirnir: Sigrún Alda Sighvats, Gísli Árnason og Einar Gíslason, Páll Pálsson veitustjóri, og Árni Egilsson sem ritaði fundargerð.

DAGSKRÁ:

1. Hitaveita í Akrahreppi.
2. Önnur mál.

AFGREIÐSLUR:

Sigrún Alda setti fund og bauð fundarmenn velkomna.

1. Hreppsnefnd Akrahrepps mætti á fundinn, fulltrúar þeirra á fundinn voru þau Agnar Gunnarsson, Svanhildur Pálsdóttir, Þórarinn Magnússon, Þorleifur Hólmsteinsson og Margrét Óladóttir, einnig mætti Kristján Jónasson endurskoðandi hjá KPMG Endurskoðun. Fyrir fundinum lágu drög að samningi um að Skagafjarðarveitur leggðu hitaveitu í Akrahrepp frá Ytri-Brekkum að Uppsölum. Samkvæmt kostnaðarútreikningum Verkfræðiskrifstofunnar Stoð á Sauðárkróki er heildarkostnaður verksins 120,2 milljónir, auk kostnaðarhlutdeildar Akrahrepps við borholu í Varmahlíð að upphæð 13.5 milljónir. Drögin rædd og fulltrúar Akrahrepps vildu fá að skoða drögin nánar.

2. Önnur mál. Engin.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 18.10

Árni Egilsson (sign)

Sigrún Alda Sighvats (sign)

Gísli Árnason (sign)

Einar Gíslason (sign)

Páll Pálsson (sign)